

**A 1644/välfärd**

Lagt fram af:
Flokkahópi miðjumanna

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Málsnúmer 15-00112-1

Þingmannatillaga um að auka þekkingu á fíknivanda og bæta meðferð við fíkn með samstarfi í norrænu rannsóknaneti

Margt er líkt með Norðurlöndum hvað varðar fíkn og mynstur misnotkunar, en einnig á sviði lýðheilsustarfs og félagslegrar stefnu til að takast á við og draga úr skaðlegum afleiðingum fíkniefnaneyslu. En margt skilur einnig á milli landanna, til dæmis hvernig brugðist er við fíkniefnavandanum og hvaða meðferðarúrræði eru í boði.

Með því að greina það sem ólíkt er og rannsaka áhrif þess á fíkniefnaneyslu, en einnig ólíkar leiðir sem farnar eru í forvarnastarfi, áttum við okkur betur á því hvaða aðferðir og aðgerðir eru vænlegastar til þess að koma í veg fyrir fíkniefnaneyslu og draga úr skaða af völdum hennar. Miðlun hinnar nýju þekkingar myndi nýtast öllum löndunum þar hún hefði áhrif á viðhorf gagnvart misnotkun vímuefna og árangri meðferðarúrræða.

Alls staðar á Norðurlöndum ríkir sami skilningur á því að aðgengi að áfengi ráðist af verði og framboði. Við lítum svo á að fíkn sé sjúkdómur og að samfélaginu beri skylda til að hjúkra og veita meðferð. Öll vitum við að öflugt starf gegn fíknivanda felst í forvörnum, aðgerðum til að draga úr skaðlegum afleiðingum fíkniefnaneyslu auk margra og ólíkra meðferðarúrræða.

Enn er mismikið aðgengi og framboð á meðferðarúrræðum á Norðurlöndum og sýnir það að úrbóta er þörf í þeim efnum. Í stuttu máli sagt er þörf á traustari þekkingargrunni.

Þrátt fyrir að áfengi og skaðlegar afleiðingar áfengisneyslu valdi mestu álagi á heilbrigðis- og félagsþjónustuna er ópíatafíkn og skaðlegar afleiðingar hennar afar stórt viðfangsefni víðast hvar á Norðurlöndum. Dauðsföll vegna ópíataneyslu, einkum of stórra skammta, eru mikilvæg orsök þess að ungmenni látast um aldur fram. Dánartíðni vegna ofskammta er há á Norðurlöndum miðað við önnur lönd í Evrópu. Dauðsföll vegna ofskammta eða annars í tengslum við fíkniefnaneyslu verða

þegar fólk er orðið tiltölulega fullorðið og hefur meðalaldurinn hækkað á síðari árum.

Mynstur óþíataneyslu og meðferð við henni eru mismunandi í löndunum. Því myndi haldbetri þekking á ólíkum leiðum og áhrifum þeirra gera okkur kleift að hnitmiða aðgerðir okkar. Alls staðar á Norðurlöndum hefur færst í aukana að einstaklingum með heróínfíkn bjóðist viðhaldsmeðferð með lyfjum á við metadón eða búprenorfín (Subutex). Meðferðin á að bæta heilsu og félagslega færni einstaklinganna og fækka dauðsföllum með því að koma í veg fyrir að fólk falli aftur í neyslu. Meðferðin getur tekið mörg ár, stundum ævina á enda. Þannig fá æ fleiri eldri borgarar meðferð. Sennilega er það til marks um að meðferðin virkar, en krefst þess um leið að við veitum sjúklingunum rétta hjúkrun og hvetjum þá til að bæta heilsu sína og lifa lengur. Alls staðar á Norðurlöndum er breytilegt hvernig staðið er að ávísun lyfseðilsskyldra lyfja, þar á meðal til viðhaldsmeðferðar. Þörf er á betri þekkingu og aðferðum til þess að bæta meðferð og fækka einstaklingum sem verða fyrir skaðlegum áhrifum.

Velferðarnefnd Norðurlandaráðs stóð að málþingi í Stokkhólmi í febrúar 2015 þar sem rannsakendur og sérfræðingar frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð ræddu hvernig þróa mætti norrænt samstarf um fíknimeðferð. Á málþinginu var rætt um þörfina og lagður grunnur að formlegra rannsóknasamstarfi um misnotkun fíkniefna.

Við leggjum því til að sameiginlegt norrænt tengslanet um klínískar rannsóknir á fíkniefnaneyslu verði fjármagnað í þeim tilgangi að auka þekkingu og bæta meðferðarúrræði. Markmiðið er að veita stefnumótandi aðilum og öðrum, sem eiga hagsmuna að gæta, nýja og mikilvæga þekkingu, að bæta meðferðarúrræði, að skapa sameiginlegt rannsóknaumhverfi og byggja upp rannsóknagetu á öllum Norðurlöndum. SERAF (Miðstöð vímu- og fíknarrannsókna í Noregi) gæti verið samhæfingaraðili rannsóknanetsins. Þörf er á norrænu fé til þess að styrkja hina nýju starfsemi í sameiginlegu norrænu rannsóknaneti um fíkniefnaneyslu.

Með hliðsjón af framangreindu leggjum við, fulltrúar flokkahóps miðjumanna í Norðurlandaráði, til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að hún beiti sér fyrir aukinni þekkingu og bættri meðferð við fíkn og ennfremur;
- að hún taki frumkvæði að sameiginlegu norrænu tengslaneti um klínískar rannsóknir á misnotkun fíkniefna.

Stokkhólmi, 26. maí 2015

Anders Eriksson (ÅF)

Andre Skjelstad (V)

Arto Pirttilahti (cent)

Helgi Abrahamsen (sb)

Höskuldur Þórhallsson (F)

Jóhanna María Sigmundsdóttir (F)

Lars Tysklind (FP)

Liv Holm Andersen (RV)

Ola Johansson (C)

Penilla Gunther (KD)

Rigmor Andersen Eide (KrF)

Róbert Marshall (Björt framtíð)

Norðurlandaráð

A 1644/välfärd

Lagt fram af:

Flokkahópi miðjumanna

Fjallað um í:

Velferðarnefnd

Málsnúmer 15-00112-1